

Skólaárið 2021-2022

Starfsáætlun Undralands



Unnið af Önnu Erlu Valdimarsdóttur
LEIKSKÓLASTJÓRA Í SEPTEMBER 2021

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Leikskólastarfið í Undralandi og hugmyndafræðin	2
2.1. Starfsfólk og börn	2
2.2. Kennsluefni /-aðferðir	3
2.2.1. Leikur að læra	3
2.2.2. Málhljóð Lubba.....	3
2.2.3. Vináttuverkefni Barnaheilla - BLÆR.....	3
2.2.4. Könnunarleikur	4
2.2.5. Yngri deildir.....	4
2.2.6 Eldri deildir	4
3. Leikskóladagatal	5
4. Mat á skólastarfi	6
4.1. Langtímaáætlun um innra mat.....	6
5. Símenntun	7
5.1. Drög að símenntunaráætlun skólaársins.....	8

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla, þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Hér má sjá starfsáætlun leikskólans Undralands skólaárið 2018 – 2019 en henni er ætlað að vera skýr leiðarvísir í því starfi sem fer fram í leikskólanum. Hún hefur að geyma hlutverk Undralands þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram en þau eru: Öryggi –Leikur – Umhyggja. Einnig má hér sjá viðfangsefni og áherslur skólaársins, matsáætlanir og símenntunaráætlun leikskólans.

Leikskólastarf er háð sífelldum breytingum og því þarf reglulega að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins gagnrýnum augum, meta og setja ný markmið til að stefna að. Að vori er vetrarstarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfarið.

Hveragerði, september 2021

Anna Erla Valdimarsdóttir
Leikskólastjóri

Einkunnarorð Undralands

Öryggi – Leikur – Umhyggja

2. Leikskólastarfið í Undralandi og hugmyndafræðin

Leikskólinn Undraland starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Námsvið leikskóla (skv. Aðalnámskrá) eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning og eiga að falla inn í alla starfsemi leikskólans.

Leikurinn er aðal náms – og þroskaleið barnsins, órjúfanlegur þáttur barnæskunnar og því þungamiðja leikskólastarfsins. Leikurinn er uppspretta tjáningar og veitir gleði. Í leik eflist félagsleg færni barnsins og það lærir að taka tillit til annara, tjá tilfinningar og upplifanir.

Í Undralandi er hugmyndafræði John Dewey grunnurinn að innra starfi leikskólans. Dewey taldi mikilvægt að börnin þekktu fortíðina, þannig myndu þau skilja nútíðina. Hann taldi leikinn vera leið til menntunar og þroska og að börn öðluðust einungis raunhæfa menntun í gegnum reynslu sína.

Dewey vildi að samfélagið og skólinn ynnu saman og hann taldi nauðsynlegt að samband væri milli raunverulegrar reynslu barnanna, náms og menntunar. Dewey sá skólann fyrir sér sem samfélag þar sem lýðræði væri haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfa saman og hver um sig leggur sitt að mörkum. Lýðræði er ríkur þáttur í kenningum Dewey og virðing er undirstaða lýðræðis. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing felst m.a. í sanngirni, umhyggju, víðsýni og umburðarlyndi og áhersla er á að hver og einn leggi sitt af mörkum til samfélagsins. Reynslan, samfélagið og lýðræðið eru að mati Dewey samofin í leikskólastarfinu. Hlutverk leikskólans er að hafa líf barnanna utan veggja leikskólans í huga og byggja á þeirri reynslu sem börnin hafa þegar aflað sér og skapa nýja reynslu sem þau geta lært af. Líf innan veggja leikskólans á að styrkja barnið til að lifa og starfa sem einstaklingur í samfélagi við aðra. Dewey taldi að börnum sé það meðfætt að læra og þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum kristallast einkunnarorðunum „*learning by doing*“, að læra af athöfnum og að læra af eigin reynslu.

Markmið leikskólans Undralands

- Að börn fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.
- Að barnið læri að bera umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum manneskjum, dýrum og náttúrunni.
- Að börnin finni öryggi, stöðuleika og traust í öllum samskiptum

Í Undralandi leggjum við megin áherslu á:

- Að barninu líði vel í skólaumhverfinu.
- Að barnið öðlist sterka sjálfsmynd.
- Að barnið öðlist færni í að lesa úr umhverfinu og samskiptum sínum við aðra, öðlist sterka sjálfsmynd og líði vel í skólaumhverfinu
- Finna leiðir til að skapa umhverfi og aðstæður sem virkja sköpunargleði barnanna.
- Gefa barninu tækifæri til að tjá og túlka hug sinn og þekkingu á skapandi hátt.

2.1. Starfsfólk og börn

Leikskólinn Undraland er 6 deilda skóli sem skiptist í yngri og eldri álmu. Deildirnar eru aldursskiptar og í yngri álmu eru Snæfell með 12-24 mánaða og Eldgjá og Laki 2-3 ára. Í eldri álmu eru Askja með 3-4 ára, Krafla 4-5 ára og á Hengli eru 5-6 ára börn.

Í Undralandi verða í vetur um 112 börn. Aldur barnanna er 12 mánaða til 6 ára. Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:45-16:30
Stöðugildi í skólanum eru um 36 auk 3,5 starfsgilda í mótuneyti leikskóla bæjarins.

Samvinna starfsfólks er eflað með því að deildarstjórar hafa reglulegt samráð, bæði í stjórnendateymi leikskólans auk samráðsfunda deildarstjóra álmunnar. Umsjónaraðilar verkefna/námsefnis eru hvattir til að hafa samráð um verkefni og hugmyndir bæði sín á milli og þvert á deildir.

Allir starfsmenn eru bundnir þagnaskyldu um öll málefni barna og fjölskyldu þeirra. Þagnaskylda helst áfram þótt starfsmenn láti af störfum í leikskólanum.

2.2. Kennsluefni /-aðferðir

2.2.1. Leikur að læra

Leikskólinn Undraland er LAL leikskóli sem þýðir að þar er notast við kennsluaðferðir Leikur að læra. Í þeim felst að börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan en um leið líflegan hátt. Aðferðin er kennarastýrð þar sem unnið er með fyrirfram ákveðin markmið á mismunandi máta. Kennarinn stýrir innlögnum viðfangsefni sem svo er unnið með áfram í bæði hóp- og einstaklingsvinnu.

Leikur að læra er hugsað út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Með því að nota kennsluaðferðina eykst úthald og einbeiting ungra nemenda. Auðvelt að aðlaga kennsluna að ólíkum þörfum einstaklinga með líkamlega og andlega og félagslega vellíðan barna að leiðarljósi.

2.2.2. Málhljóð Lubba

Unnið er með íslensku málhljóðin á markvissan hátt í þrívídd þ.e. í gegnum sjónskyn, heyrnaskyn og hreyfi- og snertiskyn. Hvert málhljóð er tengt við bókstafi og hverju málhljóði fylgir ákveðið lag, stutt saga og ákveðið hreyfitákn. Með því að tengja hljóðið við táknræna hreyfinguna er auðvelt að læra það og muna. Með þessum aðferðum er verið að æfa börnin í að tileinka sér íslensku málhljóðin og brúa bilið milli stafs og hljóðs sem að lokum kemur börnum á sporið í lestri og ritun. Lubbaefnið gefur færi á ótal skemmtilegum og fjölbreyttum leikjum sem ýta undir hljóðanám, stafa-hljóðaþekkingu, hljóðavitund og fleiri undirstöðuþætti fyrir lestrarnámtáknað með litlum og stórum bókstaf..

2.2.3. Vináttuverkefni Barnaheilla - BLÆR

Félags- og tilfinningafærni barnanna er eflað með Vináttuverkefni Barnaheilla sem byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum: Umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki.

Unnið er að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er áhersla á að ná til þeirra sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.

2.2.4. Könnunarleikur

Könnunarleikur er ákveðin aðferð við leik sem byggist á rannsóknarþörf barna og er góð leið fyrir leikskólakennarann að kynnst því hvernig barnið rannsakar umhverfi sitt og hvernig það nálgast önnur börn í gegn um könnunarleikinn. Undirstaða rannsókna þeirra er fyrst og fremst þeirra eigin forvitni og skynjun, en umhverfið er líka skipulagt á tiltekinn hátt þannig að það styðji við og ýti undir könnunarþörf barnanna. Börn nota flest skynfæri sín í könnunarleik, þau skoða, snerta, hlusta, sleikja. Þau pæla í jafnvægi, rými, afstöðu og fleira og fleira. Í leiknum er notast við ýmiskonar skapandi endurnýtanlegum efnivið, s.s. rör, hólka, keðjur af ýmsum lengdum og grófleika, krukkuok, niðursuðudósir, steina, skeljar og fleira sem vekur áhuga barna.

2.2.5. Yngri deildir

Á yngstu deild er eðli máls samkvæmt megin áhersla á umönnun, félagsfærni og markvissa málörvun. Fjölbreyttur efniviður er á deildinn, dýnur og púðar sem efla hreyfiproskann, mjúk dýr og dúkkur til að knúsa. Könnunarleikur hentar þeim yngstu vel þar sem heimurinn kannaður með öllum skynfærum. Elstu börn deildarinnar byrja að kynnst LAL aðferðum inni á deild og börnin byrja að kynnst Lubba og máhljóðunum hans. Smám saman eru börnin kynnt fyrir sameiginlegum svæðum leikskólans svo sem listaskála og hreyfisal eftir að hafa í fyrstu verið að mestu í örygginu innan deildarinnar.

Á eldri deildum yngri álmu hafa börnin kynnst leikskólanum og hvert öðru vel. Þar er haldið áfram að vinna markvisst með málörvun m.a. í gegnum Máhljóð Lubba, allir fara í LAL stundir innan deildar og í sal auk þess sem unnin eru foreldraverkefni LAL í fataklefa. Börnin byrja að kynnst Vináttuverkefni Barnaheilla og vináttubangsnum Blæ og áfram er rík áhersla lögð á félagsfærni. Börnin hafa öðlast meira sjálfstæði og unnið er markvisst að því að efla sjálfsbjörg s.s. í fataklefa, við matborð og á salerni.

Á öllum deildum eru samverustundir með sögum og söng daglegur þáttur og lögð er áhersla á að börnin fái rólegan og góðan tíma til að matast og hvílast.

2.2.6 Eldri deildir

Á deildum í eldri álmu er áfram unnið með máhljóð Lubba og markvisst er unnið með félagsfærni og forvarnir gegn einelti í vinnustundum með Blæ. Í hverri viku fara öll börn í LAL stundir í sal, á deild og í samveru auk foreldraverkefna í fataklefa. Rík áhersla er á að efla sjálfstæði og unnið er markvisst að því að efla sjálfsbjörg við sem flestar athafnir sem og að styðja börnin í samskiptum við hvert annað og að leysa mál sín á milli. Á eldri deildum eykst ennfremur áhersla á að efla læsi í sem víðustum skilningi, þ.e. að hjálpa börnum að læra að skilja og ráða í tákni og merkingu í nánasta umhverfi. Hljóðkefisvitund er eflað með margvíslegum leiðum og verkefnum á öllum deildum í eldri álmu með stigvaxandi þunga eftir því sem börnin eldast. Samstarf leik- og grunnskóla er í föstum skorðum en elsti árgangur er undirbúinn fyrir flutning milli skólastiga með reglulegum heimsóknum í Grunnskólann í Hveragerði bæði á haust- og vorönn.

3. Leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla: Leikskólinn Undraland

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F
2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 L
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L	4 M
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F
16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L	18 M
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 S	21 F	21 L	21 Þ	21 F
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F
23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L	25 M
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
31 Þ		31 S		31 F	31 M		31 F		31 Þ		31 S

4. Mat á skólastarfi

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eiga síðan að fylgja innra matinu eftir þannig það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Mat á leikskólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir (innra mat) og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila (ytra mat). Markmið mats og eftirlits með skólastarfi er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla, að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, auka gæði og þróun skólastarfsins og jafnframt að stuðla að umbótum. Innra mat skal vera samofið daglegu starfi leikskólans, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess á starfsemi leikskólans ásamt því að vera liður í foreldrasamvinnu. Mikilvægt er að matið sé lýðræðislegt og að rödd sem flestra í skólasamfélaginu fái að heyrast. Matið á að styðjast við fjölbreytt gögn og mismunandi matsaðferðir. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér er dæmi um nokkrar:

- ✓ Starfsmannasamtöl.
- ✓ Foreldrasamtöl.
- ✓ Rýnihópar.
- ✓ Spurningalistar til starfsfólks og foreldra.
- ✓ Mat barna á skólastarfinu (spurningakönnun með broskörlum, viðtöl, rýnihópar, ljósmyndir eða teiknaðar myndir).

Aldrei er hægt að skoða allt skólastarfið í einu því það er flókið og margþætt. Því er gerð langtímaáætlun til þriggja ára til að tryggja að matið nái til allra sviða skólastarfsins. Hvert skólaár er þó útbúin matsáætlun þar sem eru nánari útlistanir um matsaðferðir og viðmið. Þá bætist yfirleitt við matið þættir sem brýnt er að taka fyrir það skólaár.

4.1. Langtímaáætlun um innra mat

Viðfangsefni sjálfsmats	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Skólanámskrá	Hefja endurskoðun		útgefin
Kennslu - uppeldishættir	Umræðuhópar – spurningalistar	Umræðuhópar - spurningalistar	Umræðuhópar – spurningalistar
Leikskólanemendur líðan/þarfir	Myndaspurning alistar	Myndaspurningalist ar	Myndaspurningalist ar
Nám barna- námsaðferðir - hæfnisviðmið		Umræðuhópar – spurningalistar	

Stjórnun – skólastjórar - deildarstjórar		spurningalistar	
Grunnþættir námskrárlæsi-lýðræði-mannréttindi-sköpun-heilbrigði og velferð-sjálfbærni	Umræðuhópar-gátlistar	Umræðuhópar-gátlistar	Umræðuhópar-gátlistar
Foreldrasamstarf	Foreldraviðtöl - Foreldrakönnun	Foreldraviðtöl -	Foreldraviðtöl - Foreldrakönnun
Aðbúnaður		Umræðuhópar - spurningalistar	
Tengsl við nærsamfélag -grunnskólann	Umræðuhópar - spurningalistar		Umræðuhópar - spurningalistar
Starfsfólk-samstarf-líðan-þarfir-endurmenntun-samskipti-starfsandi	Starfsviðtal	Starfsviðtal - spurningalistar	Starfsviðtal
Fjárhagur – mannauður - búnaður	Fjárhagsáætlun Umræður	Fjárhagsáætlun Umræður	Fjárhagsáætlun Umræður

5. Símenntun

Góð símenntun er nauðsynleg til að viðhalda fagmennsku og starfsþróun innan leikskólans. Hún er liður í umbótum samkvæmt innra mati starfsmanna og mikilvæg til að viðhalda þeim áherslum sem skólinn hefur sett sér. Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðsluerindi en einnig er tekið tillit til óska starfsmanna varðandi símenntun.

Leikskólastjóri auglýsir fræðsluerindi/námskeið (frá sveitarfélagi og fleiri aðilum) jafnóðum og þau berast og starfsmenn koma með sínar óskir um að sækja þessi námskeið. Leikskólinn greiðir námskeið og fyrirlestra sem eru á starfsdögum en einnig þau sem tengjast mikilvægum þáttum leikskólastarfsins s.s skyndihjálpi, námskeið í kennsluáðferðum og -efni sem skólinn notast við, Tras og Hljóm- 2 og námskeið vinnueftirlits. Önnur námskeið og fræðsluerindi sem starfsfólk sækist eftir að fara á greiðir fólk sjálf en fær endurgreitt frá sínu stéttarfélagi. Þar sem tilboð um símenntun berast leikskólanum allt skólaárið er ekki hægt að skipuleggja alla símenntun skólaársins að hausti en í starfsáætlun má sjá hvaða símenntun er þegar ákveðin fyrir komandi skólaár

5.1. Drög að símenntunaráætlun skólaársins

Dags	Símenntun	Tilgangur	Þátttakendur	Ábyrgð	Staðsetning
Starfsmannafundur 17. ágúst – innri mál leikskólans		Starfsmannamannamál	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Undraland
Starfsdagur 24. september	Heimsókn í aðra leikskóla	Fræðsla / Efla fagvitund	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Undraland og aðrir leikskólar
Hautþing 8.deildar FL 8. október	Fjölbreytt endurmenntun fyrir allt starfsfólk leikskólans.	Fræðsla / Efla fagvitund	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Hótel Selfoss
Starfsdagur 24. nóvember	Námskeið í skyndihjálp	Fræðsla	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Undraland
Starfsdagur 18. janúar	Námskeið um sögupoka	Fræðsla / Efla fagvitund	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Undraland
Starfsmannafundur 21. febrúar Innri mál leikskólans	Fyrirlestur um sköpun barna	Fræðsla / Starfsmannamannamál	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Undraland
Starfsmannafundur 16. Mars	námskeið og fræðsla um TMT	Fræðsla / Efla fagvitund	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Undraland
Starfsmannafundur 4. Apríl Innri mál leikskólans		Starfsmannamannamál	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Undraland
Starfsmannafundur 16. Maí Innri mál leikskólans	Endurmat vorannar	Starfsmannamannamál / Efla fagvitund	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Undraland
Starfsdagar 24.-27. Maí – Námsferð til Póllands	Námskeið í LAL og fleiri fyrirlestrar	Fræðsla / Efla fagvitund / Hópefli	Allir starfsmenn	Leikskólastjóri	Pólland

Auk þessa er lögð áhersla á að starfsmenn komist á námskeið sem eru reglulega auglýst og í boði fyrir starfsmenn Hveragerðisbæjar og sömuleiðis geta starfsmenn óskað eftir því að fá að sækja námskeið sem þeir sjá auglýst.